

# Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1154

## 1. Almenn:

Samherji fiskeldi ehf. (kt. 610406-1060), Glerárgötu 30, 600 Akureyri, hafa verið með 1.600 tonna rekstrarleyfi (XX/FE-1073) fyrir matfiskeldi á laxi, bleikju og regnbogasilungi í landeldisstöð sinni að Stóru-Vatnsleysu í Vogum. Fyrirtækið sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi þann 6. mars 2019.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður fiskeldisstöðvarinnar er þannig að í öllum kerum er þrefalt ristakerfi, í niðurfalli á botni kers, í skóp í miðju keru og við yfirfall í keru. Allt frárennsli stöðvarinnar sameinast í eina útrás sem nær um 100 metra út í sjó og er staðsett undir sjávarmáli nema á stórstraumsfjöru.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Samherja fiskeldis ehf. skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 19. ágúst til 23. september 2020 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmeitan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

## 2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Samherja fiskeldis. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 1.6000 tonn til matfiskframleiðslu á bleikju að Stóru-Vatnsleysu í Vogum.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 31. mars 2027. Rekstrarleyfið gildir til 29. september 2036.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1154) kemur það í stað rekstrarleyfis Samherja fiskeldis ehf. til 1.600 tonna landeldis á bleikju (FE-1073)

Selfossi, 29. september 2020